

# INNKASTIÐ

GLEDILEG JÓI



# NÝJIR LEIKMENN

Að loknu tímabili var ljóst að einhverjar mannabreytingar yrðu á hópnum og nú hefur það komið í ljós. Við höfum misst sterka leikmenn en aftur á móti fengið mjög góða leikmenn til liðs við okkur. Ekki er útlit fyrir að nýjir leikmenn bætist við á næstunni en það er ekki búið að útiloka neitt. Þeir leikmenn sem hafa bæst í hópinn eru Grétar Ólafur Hjartarsson, Kristinn Björnsson og Frans Elvarsson og eiga þeir án efa eftir að styrkja hópinn.



Búið er að endurnýja samninga við Ómar Jóhannsson, Guðjón Árna Antoníusson, Brynjar Örn Guðmundsson, Magnús Þór Magnússon, Árna Freyr Ásgeirsson, Jóhann Birnir Guðmundsson, Einar Orra Einarsson, Arnór Ingva Traustason, Bojan Stefan Ljubicic, og Viktor Smára Hafsteinsson. Knattspyrnudeildin býður nýja leikmenn velkomna til félagsins.



Þeir Hörður Sveinsson og Hólmar Örn Rúnarsson ákváðu að söðla um reyna fyrir sér hjá öðrum liðum. Hörður gekk til lið við Valsmenn og Hólmar spilar með FH á næsta tímabili. Deildin þakkar þeim félögum kærlega fyrir samstarfið og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni.



REYKJANESBÆR  
reykjanessaer.is



NORDURÁL  
Century 1911-1912



HS VEITUR HF



# LOKAHÓF KSD KEFLAVÍKUR

Lokahóf knattspyrnudeildar Keflavíkur fór fram laugardaginn 1. október í Stapanum. Þar var sumarið gert upp og verðlaun veitt fyrir góða frammistöðu. Hér fyrir neðan má sjá nöfn þeirra leikmanna sem fengu afhent verðlaun og myndir sem teknar voru á hófinu.

## Meistaraflokkur karla:

Bestur: Haraldur F. Guðmundsson  
 Efnilegastur: Magnús Þ. Matthíasson  
 Gullskórinn: Hörður Sveinsson  
 Silfurskórinn: Brynjar Ö. Guðmundsson  
 200 leikir: Guðmundur Steinarsson  
 150 leikir: Hólmar Ö. Rúnarsson  
 150 leikir: Guðjón Á. Antoníusson  
 150 leikir: Magnús S. Þorsteinsson  
 100 leikir: Hörður Sveinsson  
 50 leikir: Brynjar Ö. Guðmundsson  
 Mark ársins: Arnór Ingvi Traustason

## 2. flokkur karla:

Bestur: Arnór Ingvi Traustason  
 Efnilegastur: Theodór G. Halldórsson  
 Besti félaginn: Birgir Ólafsson

## 2. flokkur kvenna:

Best: Sigurrós E. Guðmundsdóttir  
 Efnilegust: Íris Björk Rúnarsdóttir  
 Besti félaginn: Heiða Helgudóttir

## Meistaraflokkur kvenna:

Best: Nína Ósk Kristinsdóttir  
 Efnilegust: Arna Lind Kristinsdóttir  
 Besti félaginn: Karitas Ingimundardóttir  
 Gullskórinn: Nína Ósk Kristinsdóttir  
 Silfurskórinn: Agnes Helgadóttir  
 50 leikir: Anna Rún Jóhannsdóttir  
 50 leikir: Eva Kristinsdóttir



# HANGIKJÖTSVEISLA

1. desember síðastliðinn bauð knattspyrnudeildin öllum styrktaraðilum í hangikjötsveislu í salarkynnum nýs félagsheimilis við Sunnubraut. Þetta er í fyrsta skipti sem deildin býður til slíkrar veislu en allir voru sammála um að þetta hafi tekist einstaklega vel og stefnt verður að því að hafa þetta árlegt hér eftir. Var öllum styrktaraðilum gefin örlítill þakklætisvottur fyrir þeirra stuðning við félagið. Stjórn ksd Keflavíkur nýtti tækifærið og afhenti 3 aðilum gullmerki deildarinnar en þeir voru fjarverandi í sumar þegar merkin voru fyrst afhent. Þetta voru þeir Þorsteinn Ólafsson, Stefán Jónsson og Jón Sveinsson.

Nýir styrktarsamningar voru undirritaðir við SpKef og Nettó. SpKef hefur verið okkar langstærsti stuðningsaðili í fjöldamörg ár og samningurinn sem deildin gerði við Nettó gerir þá að einum af okkar allra stærstu styrktaraðilum. Ein breyting verður þó á en ákveðið hefur verið að nafni heimavallar okkar verði breytt í Nettóvöllinn en hann hefur borið nafnið Sparisjóðsvöllurinn síðustu ár.

Knattspyrnudeildin og Þroskahjálp á Suðurnesjum skrifuðu einnig undir samstarfssamning. Í honum felst að félagið í samstarfi við SpKef mun gefa Þroskahjálp innkomu af einum leik sumarið 2011. Það framlag verður án efa vel þegið og er ánægjulegt fyrir Knattspyrnudeild að geta stutt við bakið á Þroskahjálp.





# ÞJÁLFA RAMÁL

Þó nokkrar breytingar hafa orðið á þjálfaramálum í efstu flokkum félagsins. Þór Hinriksson ákvað að taka sér frí frá þjálfun en hann var hægri hönd Willums síðasta tímabil. Samningur var ekki endurnýjaður við Rajko Stanisic en hann hefur séð um markmannsþjálfun fyrir Keflavík síðustu ár. Knattspyrnudeild Keflavíkur þakkar þeim félögum fyrir frábært samstarf síðustu ár og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni. Ekki er búið að ráða mann í stað Þórs en leit stendur yfir og má vænta tíðinda af þeirri ráðningu fljótlega eftir áramót. Samið hefur verið við Arnar Sævar Júlíusson sem var markmannsþjálfari hjá Njarðvík á síðasta ári og mun hann sjá um markmannsþjálfun í m.fl karla og kvenna ásamt 2. flokk karla.

Willum mun áfram þjálfa meistarflokk karla en það má einnig geta þess að nú nýlega var hann ráðinn sem landsliðsþjálfari í Futsal en framundan er Evrópukeppni sem fram fer hér á Íslandi. Við óskum Willum til hamingju með áfangann.

Steinar Ingimundarson skrifaði nýlega undir nýjan samning sem gerir hann að þjálfara meistarflokks kvenna út árið 2011.

Þetta er svo sannarlega gleðiefni enda náði Steinar mjög góðum árnangri á síðustu leiktið með bæði meistaraflokk og 2. flokk kvenna.



# FLUGELDASALAN KOMIN Á FULLT

Hin árlega flugeldasala knattspyrnu-  
deildar Keflavíkur er komin á fullt skrið en hún  
opnaði í gær. Salan er ein af stærstu fjár-  
öflunum deildarinnar og því afar mikilvæg  
fyrir okkar starf. Í ár líkt og önnur ár getum  
við státað okkur af því að vera með lægstu  
verðin en sambærileg gæði í flugeldum.

Flugeldasala Knattspyrnudeildar Keflavíkur  
er að Iðavöllum 7 í Reykjanesbæ og er opin  
daglega frá kl. 10-22. Á gamlársmorgun er opið  
frá kl. 10-16. Að sögn Ólafs Bjarnasonar,  
sem hefur umsjón með flugeldasölunni,  
þá er aukið vöruúrval í ár frá því sem var í  
fyrra. Verðin í ár eru óbreytt. Sumar vörur  
hækkuðu í fyrra en í mörgum tilvikum þá  
tóku K-flugeldar á sig hækkunina, m.a til  
að bregðast við samkeppni frá einkaaði-  
lum. Ólafur segist vonast til þess að íbúar  
Reykjanesbæjar hugsu bæði til knattspyrnu-  
deildarinnar og björgunarsveitarinnar áður en farið er annað til að kaupa flugelda  
fyrir áramótin



# SPARISJÓÐURINN



# SJÖ KEFLVÍKINGAR Í LANDSLIÐ

Nú á dögnum valdi Willum Þór Þórsson, landsliðsþjálfari í Futsal æfingahóp sem verður við æfingar 28. og 29. desember og fara æfingarnar fram á Ásvöllum. Ísland mun taka þátt í forkeppni Evrópkeppni landsliða í Futsal í janúar á næsta ári en þetta er í fyrsta skiptið sem Ísland sendir landslið til leiks í Futsal. Riðill Íslands verður leikinn á Ásvöllum dagana 21. - 24. janúar.

Alls eru sjö leikmenn Keflavíkur í þessum fyrsta landsliðshópi. Þetta eru þeir Guðmundur Steinarsson, Magnús Þorsteinsson, Haraldur Freyr Guðmundsson, Magnús Þórir Matthíasson, Eypór Ingi Júlíusson, Sigurður Sævarsson og Bojan Ljubicic.

Hér til hliðar má sjá lið Keflavíkur sem varð Íslandsmeistari 2010. Því miður náðum við ekki að verja titilinn en við töpuðum í 4. liða úrslitum gegn Víkingi Ólafsvík 9-5 en leikurinn fór fram í íþróttarhúsinu á Álftanesi.



netto



# FLUGELDAR

FLUGELDASALA

KNATTSPYRNUDEILDAR KEFLAVÍKUR

IÐAVÖLLUM 7

OPIÐ 28, 29 OG 30. DES 10-22

OPIÐ Á GAMLÁRSDAG 10-16

FULLT AF NÝJUM VÖRUM